

Sanngirni



Það er rík ástæða til að horfa jákvæðum augum á komandi vetur. Í byrjun október stóð félagið fyrir sinni fyrstu kjararáðstefnu og er varla hægt að lýsa kraftinum, styrknum og samstöðunni sem var í loftinu þegar hátt í 80 trúnaðarmenn af öllu landinu komu saman.

Markmiðið er skýrt. Stjórnvöld hafa í áratugi leyft sér að borga hefðbundnum kvennastéttum færri krónur en körlum. Þetta er augljóst þegar hóparnir eru bornir saman. Það er okkar markmið að breyta þessu. Hjúkrunarfræðingar eru ómissandi í heilbrigðiskerfinu og skipta sköpum í þjóðfélaginu. Nú er það okkar sameiginlega verkefni að minna á að þau gömlu gildi sem ranga verðmætamatið byggir á, eigi ekkert erindi inn í næstu kjarasamninga.

Það kemur skýrt fram í kjarakönnuninni, sem lesa má nánar um hér inni í blaðinu, að hækka þarf grunnlaun. Það er ljóst að peningarnir eru til því hingað til hefur verið hægt að borga háar fjárhæðir til að plástra sárið. Nú þurfa yfirvöld að horfa með kjarki til framtíðar og forgangsraða fjármagninu til að leysa vandann. Það virðist alla vega ekki vera neinn skortur á frábærum leiðtogum í hjúkrun á Íslandi, það var augljóst á kjararáðstefnunni og líka á nýliðinni ráðstefnu European Nurse Directors Association (ENDA) sem haldin var í september. Það er engin tilviljun að þessi ráðstefna Evrópskra stjórnenda og leiðtoga í hjúkrun var haldin á Íslandi, hjúkrunarfræðingar á Íslandi eru mjög framarlega á heimsvísu er einmitt núna forseti samtakanna íslenskur hjúkrunarfræðingur.

En það er ljóst að huga þarf að öllum hlekkjum í íslensku heilbrigðiskeðjunni. Í mínum huga er það skýrt að án hjúkrunarfræðinga er ekkert heilbrigðiskerfi, án hjúkrunarstjórnenda starfa engar heilbrigðisstofnanir og án sérfræðinga er ekki hægt að mennta hjúkrunarfræðinga.

Niðurstaða nýafstaðinnar kjarakönnunar þarf ekki að koma neinum á óvart og er í takt við niðurstöður annarra kannana sem Fih hefur gert undanfarin ár. Hjúkrunarfræðingar upp til hópa eru almennt ánægðir í starfi og vilja sinna hjúkrun. Á sama tíma hafa tveir þriðju ihugað af alvöru að segja upp störfum á síðustu tveimur árum, iðulega vegna álags og kjara.

Þess vegna er staðan í dag svo bagaleg. Það skýtur svo skökku við að hafa svo mikilvæga fagstétt sem vill gjarnan vinna við það sem hún menntaði sig til en starfsumhverfið í sinni viðustu mynd virðist ekki ætla, enn og aftur, að styðja það. Þetta er ekki flókið, við viljum að stéttin sé metin að verðleikum. Við erum öflug fagstétt sem fær ekki kjör í samræmi við menntun, ábyrgð og álag í starfi. Það sem við förum fram á er sanngirni og réttmæti.

Það eru margir hjúkrunarfræðingar sem hafa áhyggjur af komandi kjaraviðræðum og er það skiljanlegt miðað við allt sem á undan er gengið í kjaramálum hjúkrunarfræðinga. En það er enginn leið að spá fyrir um framtíðina. Verkefnið verður þó spennandi og við nálgumst það með jákvæðum hætti. Alla vega fellur núverandi gerðardómur úr gildi 1. apríl næstkomandi og vona ég svo innilega að við verðum komin á fullt við samningaborðið á þeim tíma. Það verður áhugavert að sjá hvað okkur býðst og hverju við komum til með að ná fram. Eitt er þó víst að með sameinuðum krafti og samstöðu stéttarinnar, trúi ég að við náum hvað lengst.